



Fjárhagsáætlun Suðurnesjabæjar 2021 – 2024 Greinargerð við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Megin fjárhagsleg markmið Suðurnesjabæjar eru að standast viðmið sem sett eru í fjármálareglum sveitarstjórnarlaga, með ábyrgri rekstrar-og fjármálastjórnun. Á grundvelli þess hafi Suðurnesjabær forsendur til að veita íbúum sínum fyrsta flokks, góða og öfluga þjónustu, með velferð og ánægju íbúanna að leiðarljósi.

Heimsfaraldur Covid-19 byrjaði að hafa áhrif í íslensku samfélagi í febrúar 2020, en varð í framhaldinu að faraldri á Íslandi allt árið, hefur haft mikil áhrif á allt efnahags-og atvinnulíf í landinu. Afleiðingar hafa orðið víðtækar og haft áhrif á öllum sviðum og á alla einstaklinga, jafnt á Íslandi sem erlendis. Meðal afleiðinga má nefna sögulega mikið atvinnuleysi og tekjufall um allt hagkerfið. Suðurnesjabær hefur orðið fyrir miklu tekjufalli, bæði í útsvari og framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jafnframt hafa ýmis útgjöld og kostnaður fallið á sveitarfélagið. Áhrifin árið 2020 hafa verið mikil, en vonir standa til þess að á árinu 2021 fari efnahagskerfið að rétta úr kútnum aftur og hagur allra að vænkast. Allt er það þó undir því komið að heimsfaraldurinn deyi nánast út þegar líður á árið 2021. Öll áætlanagerð Suðurnesjabæjar um tekjur og útgjöld mótast af framansögðu.

Markmið fyrir árið 2021

1. Ábyrgð og aðhald í fjármálum, bæði varðandi rekstur og fjárfestingar.
2. Framlegð frá rekstri A og B hluta verði viðunandi miðað við aðstæður.
3. Unnið verði eftir tillögum HLH ráðgjafar frá 2020 um rekstur og starfsemi Suðurnesjabæjar.

Forsendur fjárhagsáætlunar 2021

1. Útkomuspá rekstrarársins 2020.

Rekstraráætlun 2020 var endurmetin og leiðrétt út frá samþykktum viðaukum. Útlit er fyrir að rekstrarniðurstaða 2020 feli í sér veruleg frávik frá upphaflegri áætlun og er það bein afleiðing heimsfaraldurs Covid-19.

2. Tekjuáætlun 2021.

- a. Útsvarstekjur eru áætlaðar með hliðsjón af áætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Útsvarshlutfall verður óbreytt, eða 14,52%.
- b. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis lækkar að meðaltali um 0,7% frá 2020 og fasteignamat atvinnuhúsnæðis lækkar að meðaltali um 2,5% frá 2020. Lóðamat lækkar að meðaltali um 3,2%.
Í tekjuáætlun er miðað við að álagningarhlutfall fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði verði óbreytt 0,295% árið 2021. Álagningarhlutfall fasteignaskatts af atvinnuhúsnæði verður óbreytt, eða 1,65% og óbreytt 1,32% af opinberum byggingum. Lóðarleiga verður óbreytt 1,5% og vatnsskattur 0,16%. Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis 0,12% og fráveitugjald

atvinnuhúsnæðis verður óbreytt 0,1%. Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru áætluð samkvæmt áætlun sjóðsins í nóvember 2020.

- c. Liðir í þjónustugjaldskrá sem snúa að barnafjölskyldum hækka ekki frá fyrra árin en nokkrir liðir eru hækkaðir um 2,5%.

3. Útgjaldaáætlun 2021.

Grundvallar markmið rekstraráætlunar er jafnan að rekstrarniðurstaða verði jákvæð, en við núverandi aðstæður og útlit á árinu 2021 er rekstrarniðurstaða neikvæð í rekstraráætlun.

- a. Launaáætlun er uppreiknuð miðað við kjarasamninga.
- b. Annar rekstrarkostnaður tekur mið af verðlagsbreytingum, 2,7%. Gert er ráð fyrir 30 mkr. á sérstökum lið til að mæta ófyrirséðum útgjöldum á árinu 2021. Ráðstöfun þessara fjármuna ræðst af ákvörðunum bæjarráðs.
- c. Fjármagnskostnaður og verðlagsbreytingar eru áætlaðar út frá hagspám.
- d. Íbúafjöldi í desember 2020 er 3.644 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu og hefur fjölgað um 56 íbúa, eða um 1,6% frá byrjun árs 2020, en þá voru íbúar Suðurnesjabæjar 3.588.

A og B hluti fjárhagsáætlunar 2021.

Fjárhagsáætlun samanstendur af: A-hluta bæjarsjóðs; aðalsjóði og eignasjóði. B-hluta, fjárhagslega sjálfstæðum rekstrareiningum í eigu sveitarfélagsins.

Tekjur 2021

Áætlað er að heildartekjur A og B hluta verði 4.415 mkr. Tekjuaukning miðað við áætlaða útkomu ársins 2020 nemur alls 220 mkr., eða 5,2 %. Tekjuáætlun skiptist samkvæmt eftirfarandi:

Skatttekjur: Alls 2.789 mkr. Tekjur af útsvari eru áætlaðar 1.934 mkr. Fasteignaskattur er áætlaður 855 mkr. og hækkað um 2,4% frá 2020.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Alls 855 mkr., þar af 88,5 mkr. vegna sameiningar sveitarfélaga.

Aðrar tekjur: Alls 816 mkr. Sala á þjónustu m.a. vegna félagsþjónustu og skv þjónustugjaldskrá 592 mkr. Tekjur Sandgerðishafnar 75 mkr., tekjur vatnsveitu 45 mkr., tekjur fráveitu 55 mkr., leigutekjur félagslegra íbúða og íbúða aldraðra 49 mkr.

Gjöld 2021

Laun og launatengd gjöld: 2.225 mkr. Áætlað er að launakostnaður hækki um 150 mkr. frá 2020, eða um 7,2%.

Lífeyrisskuldbindingar: Hækkun lífeyrisskuldbindinga er áætluð 109 mkr.

Annar rekstrarkostnaður: 1.848 mkr. Hækkun frá 2020 er 153 mkr., eða 9%. Undir þessum lið er m.a. gert ráð fyrir 30 mkr. á sérstökum lið til að mæta ófyrirséðum rekstrarútgjöldum.

Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði: 233 mkr., eða 5,3% af tekjum.

Afskriftir: 233 mkr.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði: 384 þús.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur: 142,9 mkr.

Rekstrarniðurstaða: - 142,5 mkr.

Fjárfestingar: Samkvæmt fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 670,8 mkr. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar verði m.a. fjármagnaðar með lántöku 550 mkr.. Sundurliðuð fjárfestingaáætlun er á bls. 8 í fjárhagsáætlunarskjali, og fylgir einnig sem fylgiskjal.

Málaflokkar

A-Hluti:

- 02 Félagsþjónusta:** Áætluð heildargjöld félagsþjónustu nema 791 mkr. Tekjur eru áætlaðar 374 mkr., þar með talið áætlað framlag frá Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk og hlutdeild Sveitarfélagsins Voga í rekstrarkostnaði. Launakostnaður er áætlaður 469 mkr. og annar rekstrarkostnaður 323 mkr. Sveitarfélagið Vogar ber hlutdeild í rekstrarkostnaði félagsþjónustu í hlutfalli af íbúafjölda samkvæmt samningi. Áætluð rekstrarniðurstaða málaflokksins er 418 mkr.
- 04 Fræðslu-og uppeldismál:** Heildarútgjöld eru áætluð 2.265 mkr. og tekjur 56 mkr. Rekstrarkostnaður leikskólans Gefnarborgar er áætlaður 257 mkr. (án innri leigu 237 mkr.), og leikskólans Sólborgar 309 mkr. (án innri leigu 273 mkr.). Rekstrarkostnaður Sandgerðisskóla er áætlaður 732 mkr. (án innri leigu 590 mkr.) og Gerðaskóla 668 mkr. (án innri leigu 544 mkr.) Rekstrarkostnaður tónlistarskólans í Garði er áætlaður 43 mkr. og tónlistarskóla Sandgerðis 52 mkr. Áætlað er að rekstrarkostnaður fræðsludeildar verði 67 mkr., en Sveitarfélagið Vogar ber hlutdeild í rekstrarkostnaði í hlutfalli af íbúafjölda. Laun og launatengd gjöld eru alls áætluð 1.172 mkr. vegna málaflokksins. Áætluð rekstrarniðurstaða málaflokksins 2.209 mkr.
- 05 Menningarmál:** Heildarútgjöld eru áætluð 80 mkr. og tekjur 5 mkr. Laun og launatengd gjöld vegna menningarmála eru áætluð 14 mkr. Áætluð rekstrarniðurstaða málaflokksins 74 mkr.
- 06 Æskulýðs-og íþróttamál:** Heildarútgjöld 485 mkr., tekjur alls 77 mkr. Laun og launatengd gjöld eru áætluð alls 229 mkr. Rekstur íþróttamiðstöðvar í Garði er áætlaður 81 mkr. (án innri leigu 57 mkr.) og íþróttamiðstöðvar í Sandgerði 138 mkr. (án innri leigu 76 mkr.) Styrkir og framlög til félagasamtaka eru alls áætlað 76 mkr. Áætluð rekstrarniðurstaða málaflokksins er 408 mkr.
- 07 Brunamál og almannavarnir:** Bein framlög til Brunavarna Suðurnesja eru áætluð 61 mkr. og vegna almannavarna 0,7 mkr. Áætluð rekstrarútgjöld eru alls 76 mkr.
- 08 Hreinlætismál:** Heildarútgjöld áætluð 62 mkr. og tekjur 61 mkr. Áætluð rekstrarniðurstaða málaflokksins er 1 mkr.

- 09 Skipulags-og byggingarmál:** Heildarútgjöld áætluð 97 mkr. og tekjur 12 mkr. Laun og launatengd gjöld eru áætluð 40 mkr. Áætluð rekstrarniðurstaða málaflokksins 85 mkr.
- 10 Umferðar-og samgöngumál:** Heildarútgjöld áætluð 189 mkr., þar af innri leiga gatnakerfis 104 mkr. og tekjur 1 mkr. Áætluð rekstrarniðurstaða málaflokksins 188 mkr.
- 11 Umhverfismál:** Heildarútgjöld áætluð 88 mkr.
- 13 Atvinnumál:** Heildarútgjöld áætluð 48 mkr.
- 20 Framlög til B-hluta fyrirtækja:** Heildarútgjöld 35,5 mkr. Þar af framlag til reksturs Sandgerðishafnar 30 mkr. og til reksturs félagslegra íbúða 5,5 mkr.
- 21 Sameiginlegur kostnaður:** Heildarútgjöld áætluð 394 mkr. og tekjur 10 mkr. Laun og launatengd gjöld eru áætluð 181 mkr. og annar rekstrarkostnaður 210 mkr. Áætluð rekstrarniðurstaða málaflokksins er 382 mkr.

Eignasjóður: Heildar gjöld eru áætluð 424 mkr. Tekjur af innri leigu 762 mkr., laun og launatengd gjöld 40 mkr., afskriftir 193 mkr. og fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld 8 mkr. Viðhaldskostnaður er áætlaður 65 mkr. Rekstrarniðurstaða er áætluð 346 mkr.

Framtíðarsjóður: Fjármunatekjur eru áætlaðar 8 mkr.

B-Hluti:

Bílastæðasjóður: Tekjur áætlaðar 2 mkr. og annar rekstrarkostnaður 2 mkr.

Félagslegar íbúðir: Heildartekjur áætlaðar 32 mkr., og framlag frá A hluta bæjarsjóðs 5,5 mkr.. Annar rekstrarkostnaður 17 mkr., afskriftir 7 mkr. og fjármagnsliðir 11 mkr. Rekstrarniðurstaða jákvæð um 3 mkr.

Íbúðir aldraðra: Heildartekjur áætlaðar 17 mkr.. Annar rekstrarkostnaður 4 mkr., afskriftir 2 mkr. og fjármagnsliðir 5 mkr. Rekstrarniðurstaða jákvæð 6 mkr.

Fráveita: Heildartekjur áætlaðar 55 mkr. Laun og launatengd gjöld 4 mkr. Annar rekstrarkostnaður 10 mkr., afskriftir 17 mkr. og fjármagnsliðir 19 mkr. Rekstrarniðurstaða jákvæð 5 mkr.

Fræðasetur: Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga 7 mkr.

Hafnarsjóður: Heildartekjur áætlaðar 75 mkr. og framlag frá A hluta bæjarsjóðs 30 mkr. Laun og launatengd gjöld eru áætluð 39 mkr., annar rekstrarkostnaður 27 mkr., afskriftir 10 mkr. og fjármagnsliðir 20 mkr. Rekstrarniðurstaða jákvæð 1 mkr.

Vatnsveita: Heildartekjur áætlaðar 45 mkr. Laun og launatengd gjöld 5 mkr., annar rekstrarkostnaður 17 mkr., afskriftir 5 mkr. og fjármagnsliðir 9 mkr. Rekstrarniðurstaða jákvæð 9 mkr.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2021 og rammaáætlunar fyrir árin 2022-2024 er stuðst við fjárhagsáætlun 2020 og áætlaða útkomu ársins. Hún er framreiknuð að mestu miðað við forsendur þjóðhagsspár og Hagstofu Íslands. Fjármagn til fjárfestinga tekur mið af rekstrarafkomu og handbæru fé og er gengið út frá því markmiði að ávallt sé til staðar nægilegt handbært fé til að standa við greiðslur vegna rekstrar og fjárfestinga.

Kennitölur

Í sétstöku fylgiskjali með fjárhagsáætlun er sérstakt mælaborð með yfirliti yfir ýmsar kennitölur og tölulegar upplýsingar.

Rekstrarhæfi (Framlegð). Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði í hlutfalli af tekjum er áætluð 5,3%, eða 233,7 mkr. fyrir A og B hluta, en 2,7%, eða 112,6 mkr. fyrir A hluta bæjarsjóðs. Eðlilegt markmið er að framlegðarhlutfall A og B hluta væri 14-15% hverju sinni.

Greiðsluhæfi (Veltufé frá rekstri)

Áætlað er að veltufé frá rekstri A og B hluta verði 283,2 mkr., eða 6,4% sem hlutfall af heildartekjum.

Handbært fé í árslok 2021 er áætlað 466,9 mkr., þegar gert hefur verið ráð fyrir fjárfestingum 670,8 mkr. og afborgunum langtímalána 261,5 mkr. Gert er ráð fyrir sérstökum lántökum 550 mkr. til að fjármagna fjárfestingar. Markmið er að ætíð verði nægt handbært fé hverju sinni til þess að fjármagna framgang rekstrar og fjárfestinga.

Heildar skuldir og skuldbindingar A og B hluta í lok árs 2021 eru áætlaðar alls 4.907 mkr. Þar af skuldir við lánastofnanir 3.052 mkr., lífeyrisskuldbindingar 1.182 mkr. og langtíma leiguskulld 95 mkr.

Veltufjárhlutfall.

Veltufjárhlutfall er kennitala sem sýnir stöðu handbærs fjár, eða lausafjárstöðu hverju sinni. Almennt er miðað við að veltufjárhlutfall sé ekki undir 1, allt umfram það ber merki um góða lausafjárstöðu og getu til að standa í skilum vegna útgjalda. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að veltufjárhlutfall í lok árs 2021 verði 1,46.

Fjármálareglur sveitarstjórnarlaga.

Rekstrarhæfi (rekstrarjöfnuður). Samkvæmt fjármálareglum verða tekjur að vera umfram gjöld á hverju þriggja ára tímabili. Í árslok 2021 er gert ráð fyrir að rekstrarjöfnuður þriggja ára standi neikvæður 228,1 mkr., þ.e.a.s. gjöld umfram tekjur árin 2020, 2021 og 2022.

Skuldapól. Samkvæmt fjármálareglum mega skuldahlutfall og skuldaviðmið ekki fara umfram 150% af tekjum hverju sinni. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall í árslok 2020 verði 111,1% og skuldaviðmið 79,8%.

Suðurnesjabæ 18. desember 2020.

Magnús Stefánsson bæjarstjóri.

Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri.